



Reykjavík 12. október 2020

Umsögn um drög að frumvarpi til breytinga á áfengislögum.

Hinn 28. september 2020 birti dómsmálaráðuneytið drög að frumvarpi til laga um breytingu á áfengislögum nr. 75/1998 á samráðsgátt stjórnvalda. Í frumvarpsdrögum er lagt upp með að heimilað verði að starfrækja vefverslun með áfengi í smásölu til neytanda og að smærri brugghúsum verði gert kleift að selja áfengt öl í smásölu á framleiðslustað.

Frumvarpsdrögin hafa verið tekin til skoðunar á vettvangi SAF – Samtaka ferðaþjónustunnar og vilja samtökin koma með eftirfarandi ábendingar.

SAF vilja lýsa yfir ánægju sinni með frumvarpið. Um litlar og einfaldar breytingar er að ræða en þó þýðingamiklar breytingar fyrir atvinnulífið í landinu. Í frumvarpinu er stígið varlega til jarðar og þær breytingar sem um ræðir auka ekki á sýnileika áfengisins í samfélaginu

Vefverslanir

Frumvarpið leggur til að heimilað verði að starfrækja vefverslun með áfengi í smásölu til neytanda. Þannig verði heimiluð sala áfengis í gegnum verslanir sem starfræktar eru á netinu, svokallaðar vefverslanir.

Í dag er heimilt að versla áfengi í gegnum erlendar vefverslanir. Áfengið er því verslað í gegnum útlönd og flutt inn til landsins til einkaneyslu. Það er hins vegar óheimilt að versla áfengi í gegnum innlenda vefverslun, sökum einkaleyfis Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins á smásölu áfengis.

Frumvarpinu er ætlað að jafna stöðu innlendrar og erlendrar verslunar að þessu leyti. Með þessari breytingu er ekki verið að auka sýnileika áfengisins eða auka aðgengi að því. Breytingin stuðlar að því að tryggt verði að starfið, í vefversluninni sem þjónustar íslenskan viðskiptavin, sé staðsett á Íslandi. Þannig er m.a. hægt að auka möguleika íslenskra fyrirtækja til að verja afkomu sína.

Að mati SAF er fyrrgreind nálgun mjög skynsamleg og sanngjörn. Sérstaklega ef horft er til þess að nú er hvort eð er heimiluð sala áfengis í gegnum verslanir sem starfræktar eru á netinu, erlendar vefverslanir. Breytingin er einnig mikil bragabót fyrir neytendur því nú geta

þeir valið t.d. íslenskan bjór í stað hins erlenda í vefverslunum og haldið verðmætunum enn frekar innanlands og látið það ganga og þannig er hún einnig góð fyrir íslenska áfengisframleiðendur.

Í frumvarpsdrögnum er dregið fram dæmi um gildandi lagaumhverfi. Þar er nefnt dæmi um innlenda áfengisframleiðendur sem hafa reynt að mæta þörfum neytenda með því að bjóða uppá innlenda vöru í gegnum erlendra vefverslun. Vörurnar eru svo seldar til íslenskra neytenda í gegnum erlendu vefverslunina. Þannig hefur vara verið flutt frá Íslandi í þeim eina tilgangi að vera send aftur til landsins. Þetta dæmi er gjörsamlega galið og því verður að breyta lögnum með fyrrgreindum hætti.

Smærri bruggúsum gert mögulegt að selja beint til viðskiptavina

Samtökin fagna því einnig að með frumvarpsdrögnum sé smærri framleiðendum, bruggúsum, gert kleift að selja áfengi í smásölu á framleiðslustað. Líkt og fram kemur í frumvarpsdrögnum þá hafa smærri brugghús byggt upp ferðamennsku í kringum reksturinn sinn. Þau geta boðið gestum uppá vörunar sínar en ekki selt þær í smásölu á framleiðslustaðnum sem er bagalegt, sérstaklega í ljósi þess að sömu framleiðendur geta átt í erfiðleikum með að fá vörur sínar seldar í verslunum Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins. Mikilvægt er að rekstraraðilar brugghúsa geti boðið gestum upp á að kaupa á staðnum eða í vefverslun. Flest þessara fyrirtækja eru á landsbyggðinni þannig að mikilvægi fyrirliggjandi lagabreytingar er enn meiri til að styrkja fjölbreytta atvinnustarfsemi um land allt og verja afkomu fjölda frumkvöðlafyrirtækja og starfsfólks þeirra. Landsmenn munu ávallt drekka bjór, við stjórnnum því ekki en það sem við getum látið ganga er að fá landsmenn til að drekka innlendan bjór í stað erlendra bjóra.

Samtökin vilja að endingu ítreka ánægju sína með frumvarpsdrögin og hvetja til þess að endanlegt frumvarpi hljóti afgreiðslu á yfirstandandi þingi.

Virðingarfyllt

F.h. Samtaka ferðaþjónustunnar



Baldur Sigmundsson, lögfræðingur



Gunnar Valur Sveinsson, verkefnastjóri